**Sþ. 218. Þingsályktun [25. mál]**

um lánveitingar til íbúðabygginga.

(Afgreidd frá Sþ. 14. nóv.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánsfjárþörf til íbúðabygginga og leggja fyrir þingið á grundvelli þeirrar rannsóknar tillögur til úrbóta, sem við það miðist, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf, til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum.